

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2523/97

frá 16. desember 1997

## um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum vínnum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum b-lið 1. liðar i-liðar 4. mgr. 1. gr. og 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2482/95 frá 25. október 1995 um tilteknar aðlögunarráðstafanir fyrir Austurríki vegna brenndra drykkja <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 158/97 <sup>(3)</sup>, heimilar að tilteknir brenndir drykkir úr ávöxtum, unnir úr tilteknum berjum, með hámarksinnihald metanóls 1 500 g á hektólítra alkóhóls miðað við 100% rúmmál, séu framleiddir og markaðssettir í Austurríki til 31. desember 1997 meðan beðið er mats á því hvort unnt sé að minnka hámarksinnihald metanóls.

Á þessu stigi málsins er rétt að kveða á um ný lægri mörk metanóls í tilteknum tegundum ávaxtabrennivíns sem eru framleiddar í Austurríki, með tilliti til niðurstaðna austurrískra rannsókna um hvort minnka megi metanólinnihald hlutaðeigandi tegunda ávaxtabrennivíns. Einnig er nauðsynlegt að fylgjast með áhrifum þróunar ýmissa þátta er varða hámarksinnihald metanóls í þessum tegundum ávaxtabrennivíns vegna þess að slíkar takmarkanir verða einnig að gilda um sömu tegundir ávaxtabrennivíns sem eru framleiddar í öðrum aðildarríkjum. Rétt er að halda áfram athugunum á því hvort minnka megi metanólinnihald téðra tegunda ávaxtabrennivíns, að teknu tilliti til tækniþróunar og með hliðsjón af hefðbundnum eiginleikum þessara afurða.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 256, 26. 10. 1995, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 27, 30. 1. 1997, bls. 8.

Mæla ber fyrir um aðlögunarráðstafanir til að leyfa markaðssetningu slíks ávaxtabrennivíns sem er framleitt í Austurríki áður en lægri mörk metanólinnihalds öðlast gildi.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 4. og 5. mgr. er hér með bætt við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1014/90:

„4. Í samræmi við b-lið 1. liðar i-liðar í 4. mgr 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 skal hámarksinnihald metanóls í ávaxtabrennivíni, sem unnið er úr rifsberjum og sólberjum (*Ribes specialis*), reyniberjum (*Sorbus aucuparia var. edulis*) og ylliberjum (*Sambucus nigra*), vera 1 350 g á hektólítra alkóhóls miðað við 100% rúmmál, og hámarksinnihald metanóls ávaxtabrennivíns, sem unnið er úr hindberjum (*Rubus idaeus* L.) og brómberjum (*Rubus fruticosus* L.), skal vera 1 200 g á hektólítra alkóhóls miðað við 100% rúmmál.

5. Heimilt er að markaðssetja og flytja út uns birgðir þrýtur ávaxtabrennivínið sem um getur í 4. mgr., er framleitt í Austurríki og er til á lager 31. desember 1997 til sölu til neytenda í samræmi við ákvæði um metanólinnihald sem eru í gildi þann dag í Austurríki.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 1997.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_